

Tillaga A 1963/UVU
Afgreiðsla Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin

Nefndarálit um þingmannatillögu um norræna stefnu um landsbundnar samgönguáætlanir

Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin leggur til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

- að vinna með auknum og skipulegri hætti að því að hafa áhrif á landsbundnar samgönguáætlanir
- að útbúa lista yfir helstu stjórnsýslulegu innviðahindranir sem standa í vegi fyrir norrænni samþættingu. Listinn skal endurspeglar hagsmuni íbúa allra norrænu landanna og ólíkra geira. Endurskoðað skal listann annað hvert ár.

Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin leggur til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til ríkisstjórnanna á Norðurlöndum

- að hafa samráð sín á milli um að skipuleggja í sameiningu landsbundin innviðaverkefni og innviðafjárfestingar þvert á landamæri á Norðurlöndum

Bakgrunnur

Þörf er á samstarfi um innviði á Norðurlöndum. Efnislegar stjórnsýslulegar innviðahindranir standa í vegi fyrir aukinni samþættingu og samkeppnishæfni Norðurlanda. Afnám hindrana sem standa í vegi fyrir því að fólk og fyrirtæki geti ferðast og starfað milli landanna er eitt mikilvægasta markmið flokkahóps miðjumanna í Norðurlandaráði.

Hópurinn og Norðurlandaráð hafa áður vakið athygli á mikilvægi þess að koma á fót ráðherranefnd um samgöngumál og hafa innviðamál verið tíðrædd á fundum nefndanna. Þessar umræður hafa oft á tíðum afmarkast um of við einstök verkefni án þess að litið sé til notagildis fyrir önnur norræn verkefni, eða verið of almennar til að setja megi þær í samhengi við beinar innviðahindranir. Með inngöngu Finnlands og Svíþjóðar í NATO bætast viðbúnaðarsjónarmið við þörfina fyrir góða samnorræna innviði.



Flokkahópur miðjumanna telur að mögulega þurfi að hugsa vinnuna að efnislegum stjórnsýsluhindrunum upp á nýtt. Hópurinn óskar því eftir því að nefndin skoði að vinna með virkari hætti að landsbundnum áætlunum.

Í Noregi og Svíþjóð eru til staðar langtímaáætlanir um innviði sem eru endurskoðaðar reglulega. Í Danmörku tók gildi víðtækt samkomulag um innviði fyrir nokkrum árum sem gildir til ársins 2023.

Á Íslandi gildir víðtækt samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um langtímaáætlun um innviði og samgöngur á svæðinu. Í Finnlandi var síðasta víðtæka samgönguáætlun samþykkt árið 2021.

Hin nánast óendanlega þörf fyrir endurbætur á innviðum þýðir að slíkar áætlanir eru dæmdar til að stilla hagsmunum svæða og geira upp á móti hvorum öðrum. Það getur haft í för með sér að verkefni á milli landanna mæti afgangi. Til að breyting verði á þessu þarf norrænt samstarf að vera skýrara á þessu sviði.

Margir, þar á meðal Norræna félagið, hafa mælt fyrir norrænni samgönguáætlun. Flokkahópur miðjumanna telur ekki þörf á slíkum víðtækum áætlunum en telur hins vegar vera þörf á skipulagðara norrænu samstarfi.

Flokkahópur miðjumanna leggur því til að Norræna ráðherranefndin útbúi lista yfir innviðahindranir sem getur nýst í landsbundnum samgönguáætlunum og við undirbúningsvinnu. Listinn þyrfti að endurspeglar þarfir landanna og mismunandi geira með markmiði um að tryggja aðkomu verkefna sem skapa norrænt notagildi og samþættingu.

Sjónarmið nefndarinnar

Nefndin er sammála þeirri afstöðu flokkahóps miðjumanna að afnám hindrana fyrir frjálsri för og störfum fólks og fyrirtækja innan Norðurlanda sé eitt mikilvægasta markmið starfsins í Norðurlandaráði.

Þingmannatillagan um þörf fyrir ráðherranefnd um samgöngumál og sameiginlegar innviðafjárfestingar er því að fullu í samræmi við ákvörðun Norðurlandaráðs frá Akureyri 2018, þar sem allir fulltrúarnir studdu ákvörðun um að koma aftur á fót ráðherranefnd um samgöngumál, sem og forgangsröðun norrænu hagvaxtar- og þróunarnefndarinnar sem byggð er á norrænu notagildi fyrir fólk og fyrirtæki á Norðurlöndum.

Auk þess styður þingmannatillagan framtíðarsýn forsætisráðherranna um að Norðurlönd verði sjálfbærasta og samþættasta svæði heims árið 2030.



Auk samræmingar milli samgönguáætlana landanna er í dag þörf á góðum samnorrænum innviðum í tengslum við viðbúnað vegna aukinnar norrænnar NATO-aðildar.

Nefndinni er kunnugt um að Norræna rannsóknastofnunin um byggðaðróun, Nordregio, hefur gert kortlagningu á innviðafjárfestingum á Norðurlöndum, sem getur verið hluti af þeim svörum sem munu berast frá ríkisstjórnunum. Nefndin óskar því eftir svari við því hvort vilji sé fyrir kerfisbundnu norrænu samstarfi um landsbundnar samgönguáætlanir.

Stokkhólmi, 6. febrúar 2024

Kjell-Arne Ottosson (KD)

Markku Siponen (C)

Sandra Listerby (Lib)

Lars-Christian Brask (LA)

Gunilla Carlsson (S)

Juha Viitala (sd)

Anna Vikström (S)

Per-Arne Håkansson (S)

Odd Harald Hovland (A)

Ann-Sofie Alm (M)

Alexandra Anstrell (M)

Lars Püß (M)

Liv Kari Eskeland (H)

Ann-Christine From Utterstedt (SD)

Minna Reijonen (saf)

Erling Eidesgaard (T)

Orri Páll Jóhannsson (VG)

Tor André Johnsen (FrP)